



Brunavarnir Árnæssýslu
Árvegi 1
800 Selfoss
4-800-900
894-1845
ba@babubabu.is

Selfossi 5. apríl 2013
/KEi//kei

Fundargerð fagraðs

- 2. fundur fagraðs *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn föstudaginn 5. apríl 2013 kl. 10.00 í Aratungu Bláskógabyggð. Fundarsal sveitarstjórnar. Mættir: Ari Thorarensen, formaður, Ólafur Örn Ólafsson, Jón G. Valgeirsson, Einar Sveinbjörnsson KPMG, Kristján Einarsson slökkvistjóri, Pétur Pétursson varaslökkvistjóri.**

Fyrir fundinn fóru fundarmenn í slökkvistöðina í Reykholti og skoðuðu aðstæður þar. Einnig var skoðað það rými sem Bláskógabyggð býður BÁ til afnota til að koma til móts við kröfur nútímans varðandi uppbyggingu slökkvistöðvar.

Kl. 10.00 mættu fundarmenn í fundarsal Bláskógabyggðar í Aratungu.

Formaður setur fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Reikningur BÁ fyrir árið 2012

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi BÁ fyrir árið 2012.

Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi frá KPMG mætti á fundinn.

Einar, Kristján gerðu grein fyrir reikningnum.

Afgreiðsla:

Reikningur staðfestur og lagður fyrir vorfund Héraðsnefndar til frekari afgreiðslu.

2. Húsnæðismál

Rætt um stöðuna varðandi kaup BÁ á húseigninni að Árvegi 1 Selfossi.

Í tengslum við þá umræðu hafa komið upp vangaveltur um skipulag slökkvistöðva.

Slökkviliðsstjóri greindi frá því að starfsmenn Árborgar væru að vinna að lokaúttekt á húsnæðinu á Selfossi.

Afgreiðsla:

Fagrað felur slökkviliðsstjóra að óska eftir viðræðum við forystumenn Bláskógabyggðar um tilfærslu á rými BÁ í slökkvistöðinni í Reykholti eins og sveitarstjórn hefur boðið.

Slökkviliðsstjóra falið að kanna möguleika á lánabreytingu á því láni sem fyrirhugað er að yfirtaka. Einnig er honum falið að leggja fyrir vorfund Héraðsnefndar útreikning á hagkvæmi hugmyndar um að samræma slökkvistöðvar innan sýslunnar.

3. Brunavarnaáætlun BÁ (Drög)

Fyrir lágu drög af Brunavarnaáætlun BÁ sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið. Slökkviliðsstjóri fylgdi verkefninu úr hlaði með eftirfarandi hætti:

„Leiðarljós brunavarnaáætlunar er markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000, sem er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim.

Jafnframt er eitt af meginmarkmiðunum með brunavarnaáætlun að sveitarfélög skilgreini hvernig þau náí að uppfylla tilgreint þjónustustig.

Markmiðið með rekstri Brunavarna Árnæssýslu er því fyrst og fremst að bjarga lífi, umhverfi og eignum. Til að ná þessum markmiðum er starfsemi liðsins skipt í fjóra grundvallarþætti;

- að fyrirbyggja,
- að undirbúa,
- að grípa inn í atburðarás og
- endurbæta starfsaðferðir.“

Afgreiðsla:

Áætlunin er í endurskoðun hjá fulltrúa Mannvirkjastofnunar. Að þeirri vinnu lokinni verða hugsanlegar athugasemdir settar inn og áætlunin lögð fyrir fagráð BÁ sem síðan leggur hana fyrir sveitarstjórnir í sýslunni. E.t.v. næst að staðfesta áætlunina á komandi vörfundum Héraðsnefndar.

4. Rætt um tryggingamál BÁ

Slökkviliðsstjóri greindi frá því að nýverið hefðu fulltrúar tryggingafélagsins sem BÁ tryggir hjá komið til fundar til að yfirfara tryggingar slökkviliðsins. Fram kom að á sínum tíma hefði meginreglan verið sú að BÁ tryggði eignir félagsins í samræmi við þá aðferð sem unnið var efir hjá Sveitarfélaginu Árborg. Nú þegar öll sveitarfélögin í sýslunni standa að rekstri væri e.t.v. ástæða til að huga að fyrirkomulagi trygginga.

Afgreiðsla:

Slökkviliðsstjóra falið að kanna tryggingaaðferðir annarra slökkviliða og leggja niðurstöður fyrir næsta fund fagráðs.

5. Önnur mál

- a) Rætt um stöðuna lána hjá BÁ m.t.t. möguleika þess að skuldbreyta lánunum og lækka þar með kostnað.

Afgreiðsla:

Fagráð felur slökkviliðsstjóra að athuga fyrirbyggjandi lán BÁ samfara athugun á lánunum vegna húsnæðismála.

- b) Þar sem Ólafur Örn Ólafsson fagráðsmaður og bæjarstjóri Ölfus mun á næstu dögum hverfa af vettvangi sveitarstjórna, þakkaði hann samstarfsmönnum sínum í BÁ fyrir samstarfið. Nefndarmenn óskuðu honum velfarnaðar á nýjum vettvangi og þökkuðu samstarfið við hann.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 11.45